

Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/227
komudagur 29.11.2005

Reykjavík 28. nóvember
2005
Tilvísun 2005110066/9.11/BK/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um upplýsingarétt um umhverfismál


Undanfarið hafa kröfur í lögum um að fyrirtæki geri áhættumat vegna ýmiskonar starfsemi aukist mjög. Má þar nefna

- lög nr 33/2004 um verndun hafs og stranda en í 18. gr. þeirra laga segir að í vissri tegund atvinnurekstrar skuli gera viðbragðsáætlanir sem byggja á áhættumati.
- lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum var breytt vorið 2003 til að uppfylla tilskipun frá Evrópu-sambandinu (Directive 89/391/EEC) en þar kemur fram að atvinnurekandi beri ábyrgð á að gerð sé skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað og að áætlunin skuli m.a. fela í sér mat á áhættu og áætlun um forvarnir
- reglugerð nr. 263/98 um hættumat í iðnaðarstarfsemi, en samkvæmt henni þurfa fyrirtæki sem undir hana falla að gera annað hvort hættumat eða stefnumarkandi skjal, eftir því hve mikið magn hættulegra efna þau geyma. Í hættumati og stefnumarkandi skjali skal jafnframt gerð grein fyrir viðbragðsáætlunum.

Notkun orðanna og hugtakanna áhættumat og viðbragðsáætlanir hefur færst mjög í vöxt í íslenskri löggjöf. Gera má ráð fyrir að almenningur, eða lögaðilar máls, hafi áhuga á að kynna sér áhættumat vegna iðnaðarstarfsemi og viðbragðsáætlanir sem farið er eftir þegar eitthvað út af bregður.

Því er lagt til að í 3. tölulið 3. greinar frumvarpsins verði bætt við orðunum áhættumat og viðbragðsáætlanir.

Virðingarfyllt



Björn Karlsson
brunamálastjóri